

VÉLSMIÐJAN HÉÐINN

MERKUR ÁFANGI STÆRSTU VÉLSMIÐJU LANDSINS

ALÞYÐUBLAÐIÐ hafði frégnir af því fyrir skömmu, að eitt merkasta iðnfyrirtæki borgarinnar hefði átt fertugs afmæli 1. nóvember síðastliðinn. Þetta fyrirtæki er Vélsmiðjan Héðinn hf. Afmælisins hefur ekkert verið getið í blöðum né útvarpi, og okkur finnst, að oft hafi verið getið um öllu ómerkari atburði, og þess vegna lögðu blaðamaður og ljósmyndari frá Alþýðublaðinu leið sína vestur í Héðinn til að fá örhlita hugmynd um starfsemi þessa fyrirtækis, sem hefur átt svo merkan þátt í iðnvæðingu lands vors.

Þegar vestur í Héðinn kom, tók á móti okkur Jón Oddsson verkstjóri, sem þar hefur lengi starfað. Sýndi hann okkur um hinar ýmsu deildir, og fór ekki hjá því, að við værum nokkru fróðari að þeirri ferð lokinni. — Hvar sem komið var, voru menn önnur kafnir við störf sín og litu kímileitir á ljósmyndarann og blaðamanninn, sem að þeirra dómi voru upp á búinir. Því miður skortir þann, sem þetta ritar, tæknilega kunnáttu til að lýsa öllum þeim undrum tækninnar, sem fyrir augu þar á leiðinni um húsakynni Héðins. En eitt var það, sem ekki varð um villzt. Vélsmiðjan er búin öllum þeim tækjum og vélum, sem best má verða og það gerir henni kleyft að hafa forystuna í íslenskum járníðnaði, þar sem Héðinn hefur ótrauður rutt nýjar brautir til farsældar efnahagslífi þjóðarinnar.

Áður en tekið er til við að lýsa fyrirtækinu eins og það litur út

í dag, þykir hæfa að rekja sögu þess í örfáum orðum.

Vélsmiðjuna Héðinn stofnuðu þeir Bjarni Þorsteinsson, vélfræðingur, og Markús Ívarsson, vélstjóri, 1. nóvember árið 1922.

Fyrstu árin var smiðjan til húsa í Aðalstræti 6, þar sem hús Morgunblaðsins stendur nú. Þarna hafði verið smiðja allt frá árinu 1895. Áður en Bjarni og Markús stofnuðu fyrirtæki sitt, hafði Bjarnhéðinn Jónsson starfrækt þarna smiðju um langt skeið, og það var í virðingarskyni við Bjarnhéðin, að þeir létu fyrirtæki sitt heita Héðinn.

Fyrstu húsakynni Héðins í Aðalstrætinu voru ekki rishá, né mikil um sig. Í byrjun var gólfhlötuurinn aðeins 60 fermetrar, og starfsmennirnir voru fjórir. Á styrjaldarárunum jukust mjög öll umsvif í járníðnaði hérlendis. Kom þá að því, að fyrirtækið þurfti að færa út kvíarnar. Gólfhlötu smiðjunnar í Aðalstræti var þá orðinn tæplega 500 fermetrar og ýmsa liði starfsmennar hafði orðið að starfrækja á öðrum stöðum í bænum. Á árinu 1941 var hafin bygging nýs húsnaðis fyrir starfsemi Héðins vestur við Selja veg. Hefur síðan alla tíð verið bætt við þann húsakost frá ári til árs og ekki hafzt undan. Þessa dagana er einmitt verið að byggja tvær hæðir ofan á elzta hluta húsanna við Seljaveg.

Gólfhlötu í húsnaði vélsmiðjunnar er nú um það bil 7500 ferm. og samt er óhætt að segja, að þröngt sé um starfsemina.

Árið 1941 var Héðni breytt í hlutafélag, og ári síðar tók þar við framkvæmdastjórn Sveinn Guðmundsson, vélfræðingur. Hefur hann gegnt því starfi óslitið um 20 ára skeið.

Að lokinni hringferðinni um sali smiðjunnar undir leiðsögn Jóns Oddssonar, hittum við Svein Guðmundsson framkvæmdastjóra á skrifstofu hans, og hann greindi okkur frá ýmsu úr starfsemi fyrirtækisins.

— Fyrsta spurningin, sem við lögðum fyrir Svein, var um starfsmannafjölda fyrirtækisins.

— Hér starfa að öllum jafnaði svona 340–350 manns, svaraði Sveinn, og töluverður hópur þeirra er alltaf við vinnu úti á landi, sérstaklega þó á vorin og sumrin, þegar mest er um að vera.



Sveinn Guðmundsson vélfræðingur, hefur verið forstjóri Héðins frá því árið 1942, eða um tuttugu ára skeið.

— Hvað er vinnudagurinn langur hjá starfsfólkinu?

— Það er unnið frá því kl. 7,30 á morgnana og til kl. 4,09 á daginn. Þar fyrir utan er unnin mjög mikil eftir- og næturvinna, því annirnar eru svo miklar. Einnig stafar þessi mikla yfirvinna að undanfarið hafa verið á hverju ári og nú síðast í vor í einar fimm vikur. Fyrst við erum að ræða um vinnutímann, má geta þess, að við vorum eitt fyrsta fyrirtækið, sem tók það upp, að láta vinna hálfan matartímann og hætta þeim mun fyrir. Nú fær fólkið aðeins hálf tíma í mat, og matur er til reiðu í mötuneyti þess, sem er sjálfseignarstofnun. Þar borða daglega töluvert á annað hundrað manns, og er verði matarins stillt í hóf eins og unnt er. Nú kostar máltíðin til dæmis fimmtán krónur, og má segja, að það sé ekki dýrt.

— Starfa einhverjir hér ennþá af fyrstu starfsmönnum fyrirtækisins?

— Já, rétt er það. Sigurður Ámundason járnsmiður hefur verið hjá okkur frá því að fyrirtækið var stofnað. Sigurður Haraldsson, efnisvörður, hefur einnig starfað hér síðan stuttu eftir stofnun fyrirtækisins. Svo má líka minnst á Jóhann Bjarnason, innheimtumann, sem mjög lengi hefur starfað hér. Hann er nú orðinn 83 ára gamall og ég mætti honum rétt áðan frammi í gangi, þá var hann að fara í innheimtuferð. Við höfum verið mjög heppnir með starfsfólk, er mér óhætt að segja, kjarni fólksins hefur lengst af verið sá sami, og það er góður kjarni.

— Hvað eru margir nemendur hjá ykkur?

— Þeir eru nálægt því að vera eitt hundrað. Síðan fyrirtækið hóf starfsemi sína, hafa alls verið útskrifaðir 500 nemendur, svo það má eiginlega segja, að þetta sé eins konar uppeldisstöð í og með.

— Er það ekki rétt hjá mér, að ykkar starfsemi sé einkum tengd fiskiðnaðinum?

— Jú, það má segja það. Við höfum reynt að fylgja eftir þróuninni á sem flestum sviðum. Árin 1936 og 1937 byggði fyrirtækið fyrstu síldarverksmiðjurnar á Seyðisfirði, Akranesi og Húsavík. Áður höfðu síldarverksmiðjur verið byggðar hér á landi af Norðmönnum. Þá byggðum við líka frystihús, þau fyrstu, á þessum árum.

Árið 1953 smíðuðum við svo fyrstu stóru frystivélina, hún var sett í frystihús Heiðskagans á Akranesi og hefur gengið þar dag og nótt síðan. Frá því um mitt sum ar höfum við byggt 14 slíkar vélar og það er svo langt frá því að við höfum undan.


Þessar vélar hafa allar reynt með afbrigðum vel, þú getur sannfærzt um það, með því að hringja í einhvern viðskiptavininn. Samt hefur alltaf gætt mikillar vantrúar, þegar við höfum verið að koma

með eitthvað nýtt, en en svo hafa allir verið ánægðir á eftir.

Við byrjuðum að framleiða skelivélar árið 1956. Nú eru þær í frystihúsum og fiskvinnslustöðum um allt land og hafa reynt mjög vel. Þær eru fullkomlega sambærilegar við vélar fengnar erlendis frá, og eru að auki 30% dýrari. Frystihús láta sér nú orðið ekki detta í hug að kaupa slíkar vélar að utan. Skelivélar eru nú framleiddar í tveim stærum og hafa flest frystihús minnsta kosti tvær slíkar vélar. — Svo skulum við minnst



Gísli Guðlaugsson, yfirverkstjóri, hefur starfað í Héðni í 20 ár, þar af 20 ár, sem yfirverkstjóri. Gísli er vélstjóri að mennt, og áður en hann hóf störf í Héðni var hann um 15 ára skeið vélstjóri tegurum, lengst af á Gulltoppi Gylli, sem voru í eigu Blöndals Kveldúlfs.



Lengsta rennibekki á landinu er að finna meðal vélakosts Héðins. Í þessum bekk er hægt að renna níu metra langa hluti. Þegar myndin er tekin, er verið að renna í honum borstengur í stóra jarðborinn.